Reykjavík, 18. nóvember 2025
MSS25100112

Mannréttindaráð

Umsögn um tillögu fulltrúa Framsóknarflokksins vegna leiðbeininga um afmælishópa

Óskað var umsagnar mannréttindaskrifstofu með bréfi skrifstofunnar dags. 7. nóvember 2025, um meðfylgjandi tillögu fulltrúa Framsóknarflokksins í mannréttindaráði.

Umsögn mannréttindaskrifstofu:

Leiðbeiningar um afmælishópa var unnið árið 2022 af sérfræðingi í málefnum hinsegin fólks á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, vegna óska starfsfólks eftir slíkum leiðbeiningum og/eða vegna óska foreldra barna í þeirra skóla um leiðbeiningar um útfærslur á afmælishópum sem fela ekki í sér kynjaskiptingu.

Víða í grunnskólum tíðkast viðmið um hverjum er boðið í afmæli, í sumum tilfellum koma þau frá skólanum sjálfum en í öðrum eru það foreldrahópar eða félög sem koma sér saman um viðmið fyrir sín börn. Algengt er að þessar útfærslur feli í sér að annaðhvort sé öllum bekknum boðið í afmæli, eða ef afmælisbarnið er stelpa þá bjóði hún öllum stelpunum í bekknum og sé afmælisbarnið strákur þá bjóði hann öllum strákunum í bekknum. Viðmið sem þessi eru viðhöfð til að koma í veg fyrir útilokun einstakra barna eða barnahópa frá afmælisveislum og þekkjast víða um land.

Leiðbeiningarnar sem um ræðir voru fyrst birtar á undirsíðu vefsíðu borgarinnar um hinsegin málefni sem heitir Hinsegin börn og skólar, þann 6. október 2022 og má finna þær þar, samhliða öðru upplýsinga- og fræðsluefni tengt hinsegin málefnum hjá Reykjavíkurborg. Gerð leiðbeininganna var hluti af reglubundnum störfum sérfræðings í málefnum hinsegin fólks sem m.a. fela í sér að veita ráðgjöf og fræðslu til starfsstaða borgarinnar, t.d. í formi fræðsluefnis sem er gert aðgengilegt með rafrænum hætti.

Sem dæmi um annað svipað efni sem er aðgengilegt á vefsíðu borgarinnar úr smiðju sérfræðings í málefnum hinsegin fólks má nefna stuðningsáætlun fyrir trans barn í grunnskóla og gátlisti fyrir skóla til að verða hinseginvænir. Leiðbeiningarnar eru mótaðar með það í huga að draga úr útilokun hinsegin barna og ungmenna sem geta verið útilokuð með hefðbundinni kynjaskiptingu, eins og t.d. hinsegin barna eða barna sem að eiga frekar vini af öðru kyni.

Þá er leiðbeiningarnar ásamt öðru fræðsluefni til þess fallnar að uppfylla eða styðja skóla í því að uppfylla grein 2.3.3 í Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, 15. grein Jafnréttislaga og markmið Aðalnámskrár um jafnréttismenntun barna í grunnskólum.

Reykjavík

Einnig er mikilvægt að það komi fram að eingöngu er um leiðbeiningar er að ræða, en ekki reglur eða tilmæli. Leiðbeiningarnar eru því eingöngu til staðar fyrir þau sem vilja nýta sér þær, og hefur það aldrei verið hlutverk Mannréttindaskrifstofu að ákveða hvernig slíku er háttað hjá skólum borgarinnar.

Mannréttindaskrifstofa fer reglulega yfir fræðsluefni á vef Reykjavíkurborgar og mun að gefnu tilefni yfirfara þessar leiðbeiningar samhliða öðru efni á vef borgarinnar.

Virðingarfyllst,
Anna Kristinsdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:
Bréf mannréttindaskrifstofu
Tillaga ásamt greinagerð

Reykjavík

Mannréttindaskrifstofa

Reykjavík, 7. nóvember 2025
MSS25100112

Tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins um tilmæli vegna barnaafmæla

Á fundi mannréttindaráðs þann 6. nóvember 2025, var meðfylgjandi tillögu fulltrúa Framsóknarflokksins, vísað til umsagnar mannréttindaskrifstofu sbr. 5. lið fundargerðar sama dag.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

> Fulltrúar samstarfsflokkana finnst mikilvægt að öll börn fái boð í afmæli óháð kyni, uppruna, fötlun eða öðrum breytum. Þá er sérstaklega mikilvægt að tryggja að foreldrar sem eru með annað móðurmál en íslensku séu upplýstir um hvar og hvenær afmæli fara fram og hvaða hefðir eða viðmið séu viðhöfð í bekknum eða skólanum varðandi afmæli. Er tillögu Framsóknarflokksins því vísað til umsagnar mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Fulltrúi Framsóknarflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

> Þakkað er fyrir jákvæðar umræður á fundinum um tillöguna og styður að tillagan fái umsögn mannréttindaskrifstofu.

Óskað er umsagnar mannréttindaskrifstofu um tillöguna.

Elísabet Pétursdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt: Tillaga ásamt greinagerð

Reykjavík

Reykjavík, 16. október 2025

MSS25100112

TILLAGA

Mannréttindaráð 16. október 2025: Tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins um tilmæli vegna barnaafmæla:

Lagt er til að tilmæli Reykjavíkurborgar vegna barnaafmæla verða endurskoðaðar. Það er mikilvægt að öll börn upplifi sig velkomna í sínu skólasamfélagi og að enginn sé skilinn útundan. Við teljum þó að það sé ekki hlutverk Reykjavíkurborgar að setja einhliða reglur um það hverjum megi eða eigi að bjóða í barnaafmæli. Slíkar reglur ganga of langt í afskiptum af einkalífi fjölskyldna og geta skapað óþarfa togstreitu milli skóla og heimila. Þess í stað ættu leiðbeiningar borgarinnar að vera almenns eðlis og miða að því að hvetja foreldra, kennara og börn til að ræða þessi mál saman. Eðlilegt er að kennarar ræði afmælisboð við foreldra umsjónarnemenda sinna á fyrsta foreldrafundi hvers skólaárs og fari yfir mikilvægi þess að ekkert barn upplifi sig skilið útundan. Í þeim samtölum er einnig mikilvægt að ræða breytur sem geta haft áhrif, svo sem kyn, kynhneigð, fötlun, fjárhagslega stöðu foreldra og uppruna. Leggja á frekar áherslu á að foreldrar, kennarar og börn setji sér í sameiningu viðmið um barnaafmæli. Með því er stuðlað að því að barnaafmæli verði sú skemmtilega og hlýja stund sem þau eiga að vera. Lagt er til að núverandi reglur séu endurskoðaðar með það í huga.

Greinargerð:
Barnaafmæli eiga að vera gleðistund þar sem afmælisbörn fagna nýjum aldri með vinum og fjölskyldu. Við höfum öll heyrt af börnum sem ekki fá boð í afmæli og því er eðlilegt að kennarar eiga samtal við foreldra um afmælisboð og mikilvægi þess að börn upplifi ekki að þau séu skilin útundan. Í því samhengi er mikilvægt að ræða ýmsar breytur sem kunna að hafa áhrif á afmælisboð eða mætingu barna í afmæli svo sem fjárhagsstaða foreldra, fötlun, kyn, kynhneigð og uppruna. Þau tilmæli sem borgin hefur gefið út ganga heldur langt í því að takmarka hverjum er boðið í afmæli og horfa á afmælisboð einungis út frá forsendum kyns. Öllum börnum á að líða vel en við verðum að treysta kennurum, börnum og foreldrum til að ræða þetta og ákveða samkomulag innan bekkja um afmælisboð og gjafir ef það á við og vilji er til. Það samtal kennara og foreldra um afmælisboð hefur gengið vel víða í skólum borgarinnar. Vinna þarf nýjar leiðbeiningar í samstarfi við foreldra, kennara og reykjavíkurráð ungmenna.

Reykjavík